



48. fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 3. júlí, 2003, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Atvinnumál.
2. Afsögn varabæjarfulltrúa vegna flutninga.
3. Úrskurður nefndar skv. 31. gr. 1 nr. 7/1998.vegna álagningar sorphirðugjalds
4. Fundargerð stjórnar INVEST frá 27. júní sl.
5. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Atvinnumál.

Kynning á verkefnum er tengjast atvinnumálum:

- a. *Mættir voru Grímur Gíslason, Grétar Sigurðsson og Hjörtur Einarsson til að kynna hugmyndir um húsdýragarð á Blönduósi. Lögðu þeir fram minnispunkta um málið ásamt lauslegri kostnaðaráætlun. Hvetja þeir eindregið til framkvæmdarinnar. Fram kom að þeir félagar lögðu nýverið land undir fót til þess að skoða húsdýragarðinn í Laugarási í Biskupstungum.*
- b. *Mættur var Pétur Jónsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi til að greina frá vinnu vinnuhóps sem hefur það að markmiði að samþætta heilbrigðis- og ferðaþjónustu undir merkjum heilsutengdrar ferðaþjónustu. Lagði Pétur fram minnisblað, frumdrög að dagskrá HSB, sem gefur mynd af skipulagi verkefnisins. Ætlunin er að bjóða hópi aldraðra, ca. 20 manna hópi, vikudagskrá og dvöl á Blönduósi utan háannatíma ferðaþjónustu, þar sem einblínt er á heilbrigðisþjónustu að morgni og hvers kyns afþreyingu eftir hádegi í sýslunni. Markmiðið er jafnframt að nýta þau gistirými sem í bæjarfélaginu eru og standa auð utan háannatíma. Auk Péturs eiga sæti í hópnum, Jóna Fanney Friðriksdóttir, bæjarstjóri og Haukur Suska-Garðarsson, atvinnuráðgjafi.*
- c. *Pétur Jónsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar kynnti starfsemina lítillega fyrir fundarmönnum og þeim vilja forsvarsmanna stofnunarinnar að breyta 8 af 12 vistrýmum á dvalardeild á Blönduósi í hjúkrunarrými.*



2. Afsögn varabæjarfulltrúa vegna flutninga.

Í bréfi dags. 30. júní 2003 fer Björgvin Þór Þórhallsson fram á að honum verði veitt lausn frá störfum sem varabæjarfulltrúi Á-listans vegna flutninga. Þakkar hann gott samstarf á liðnu ári.

3. Úrskurður nefndar skv. 31. gr. 1 nr. 7/1998.vegna álagningar sorphirðugjalds.

Nefndin tók fyrir kæru Raimunds Bernhards Brockmeyers Urbschat vegna álagningar sorphirðugjalds Blönduóssbæjar á íbúð kæranda að Hnjúkabyggð 4, Blönduósi. Telur kærandi ekki grundvöll fyrir sorphirðugjaldi þar sem enginn búi í fasteign hans að Hnjúkabyggð og ekkert sorp falli til. Vitnað er í 2. gr. gjaldskrár fyrir hirðu og eyðingu sorps í Blönduóssbæ. Í niðurstöðu nefndarinnar er fallist á kröfu kæranda enda gjald í gjaldskrá skv. 2 gr. bundið því að sorp falli til og um ákveðið magn sé að ræða við sorphirðu hverju sinni.

Bæjarstjóra falið að leggja drög að nýrri gjaldskrá um hirðingu og eyðingu sorps og leggja fyrir bæjarstjórn.

4. Fundargerð stjórnar INVEST frá 27. júní sl.

Lögð fram til kynningar.

5. Önnur mál.

a. Bréf frá félagsmálaráðuneyti v. bókunar Ágústar Þórs Bragasonar, D-lista um vanhæfni formanns bæjarráðs.

Í bréfi ráðuneytisins kemur m.a. fram að ekki sé mælt fyrir í sveitastjórnarlögum um að óheimilt sé að makar eða ættingjar sveitarstjórnarmanna gegni störfum á vegum sveitarfélagsins. Er það álit ráðuneytisins, með vísan í sveitarstjórnarlög og samþykktir Blönduóssbæjar, að formanni bæjarráðs sé heimilt að gegna því embætti sem hann hefur verið kjörinn til.

b. Ágúst Þór lagði fram erindi frá formanni Norræna félagsins í Horsens.

Í erindinu kemur fram að formaðurinn hefur áhuga á að heimsækja Blönduósbæ ásamt dönskum hópi. Sviðsstjóra fræðslu-, félags- og menningarsviðs falið að svara erindinu.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 18:55.

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Hjördís Blöndal (sign.)

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)